

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2016 – 2017

unnin af

Kristjáni Erni Ebenezerssyni

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess	3
2. Innra mat	4
2.1 Kennitölur	4
2.2 Skimunarpróf.....	7
2.3 Áfangamat nemenda.....	7
2.4 Nemendafundur	9
2.5 Rýnihópur nemenda.....	9
2.6 Umbótamat.....	9
2.7 Mat fyrrum nemenda á FAS	10
2.8 Stefna Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í A-hluta til þriggja ára .	14
2.8.1 Hlutverk og framtíðarsýn.....	14
2.8.2 Kjarnastarfsemi	14
2.2.2.1 Markmið í kjarnastarfsemi	15
2.8.3 Rekstrarþættir.....	18
2.8.3.1 Markmið í rekstarþáttum	19
3. Ytra mat	21
3.1 Stjórnun og skipulag	21
3.2 Kennsla og námsframboð.....	21
3.3 Samskipti og líðan.....	22
3.4 Lykilárangur.....	23
Viðaukar	25
Viðauki 1	25
Viðauki 2.....	26
Viðauki 3.....	27
Viðauki 4.....	29

Inngangur

Hér birtist sjálfsmatsskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2016-2017. Í henni er farið yfir og fjallað um það sjálfsmat sem unnið var í skólanum og var að mestu byggt á framkvæmdaáætlun sjálfsmats. Í lok skýrslunnar er svo farið yfir viðbrögð við ytra mati ráðuneytisins sem fór fram á haustönn 2016.

1. Sjálfsmatskerfið og framkvæmd þess

Sjálfsmatskerfi FAS byggir m.a. á lögum um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólasamningi og skólanámskrá. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir verk- og framkvæmdaáætlun skólans sem nær til vors 2020. Hægt er að nálgast lýsingu á sjálfsmatskerfinu í skólanámskrá á [vef skólans](#). Verk- og framkvæmdaáætlun var uppfærð til þess að taka tillit til þess að framhaldsskólanám er nú orðið til þriggja ára í stað fjögurra.


Tafla 1. Verk- og framkvæmdaáætlun frá haustönn 2016 til vorannar 2020

Matsþættir	H16	V17	H17	V18	H18	V19	H19	V20
Kennarafundir	X	X	X	X	X	X	X	X
Miðannarviðtöl	X	X	X	X	X	X	X	X
Umsjónarviðtöl	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsskýrslur	X	X	X	X	X	X	X	X
Starfsmannaviðtöl		X		X		X		X
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda		X	X			X		
Mat á skólastarfi							X	
Mat fyrrverandi nemenda	X				X			
Mat samfélags			X					
Nemendafundir		X		X		X		X
Mat rýnihópa nemenda		X		X				X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsfundir		X		X		X		X
Skimunarpróf	X		X		X		X	
Skólanefndarfundir	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjálfsmatsskýrslur		X		X		X		X

2. Innra mat


2.1 Kennitölur

Í þessum kafla verður farið yfir þróun nemendaígilda, brottfalls og einkunna í FAS frá hausti 2016 til vors 2017. Áhersla er lögð á að bera saman skólaárið 2016–2017 við fyrri ár.




Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum

Nemendum í FAS heldur áfram að fækka og er það áhyggjuefni. Frá hausti 2011 til vorannar 2016 er meðalnemendaígildi við upphaf annar 136,6 en meðalnemendaígildi sem fá lokamat eru 117,4. Á þessu skólaári var nemendaígildið í upphafi annar 113 bæði á haust- og vorönn en þeir sem fá lokamat á haustönn 2016 eru 81 ígildi en 84 ígildi á haustönn 2017, það er 28% brottfall á hausti en 26% brottfall að vori. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á fjarnám á þessu skólaári 2016-2017 til að stemma stigum við þessari þróun. Þrátt fyrir aukna áherslu í fjarnámi við skóla er enn þá sama þróun varðandi brottfall nemenda.



Mynd 2. Brottfall í FAS frá hausti 2011 til vors 2017

Brottfall á þessu skólaári 2016-2017 var talsvert hærra en síðustu skólaár. Þegar brottfall frá hausti 2011 til vors 2016 er skoðað kemur í ljós að meðalbrottfall er 12%. Meðalbrottfall á nýafstöðnu skólaári er 27% og er þetta mesta brottfall sem hefur orðið í skólanum síðan í kringum skólaárið 2008-2009.



Mynd 3. Meðaltal yfir lokaeinkunnir í FAS

Meðaltal lokaeinkunna á haustönn 2016 er lægra en meðaltal lokaeinkunna frá hausti 2005 til vors 2016, á vorönn 2017 er meðaltalið aðeins hærra en undanfarin ár. Það er samt sem áður ekki mikil breyting á lokaeinkunum milli skólaára.

Ákveðið var að hætta með eiginleg lokapróf og í staðinn tók við samtali milli nemenda og kennara sem nefnist lokamat. Undanfarin ár hefur verið tekið saman meðaltal vinnueinkunna, munnlegra prófseinkunna og lokaprófseinkunna. Nú er hins vegar skoðað hlutfall þeirra sem mættu til lokamats og þar voru 69% sem mættu til lokamats á haustönn 2016 en á vorönn 2017 mættu 80%. Það er aukning um 11% milli anna. Haustönn 2016 var fyrsta önnin þar sem breytt fyrirkomulag var á lokamati. Ef litið er til verkefnavanskila þá jukust þau um 3% milli ára.

Tafla 2. Hlutfall til lokamats og verkefnavanskila

	Haustönn 2016	Vorönn 2017
Hlutfall til lokamats	69%	80%
Hlutfall verkefnavanskila	14%	17%

2.2 Skimunarpróf


Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi varðandi skimunarprófin og hafa þau á hverri haustönn. Mun það taka gildi á næstu haustönn, og því ekki framkvæmt neitt skimunarpróf á vorönn 2017 líkt og verk- og framkvæmdaáætlun gerði ráð fyrir.

2.3 Áfangamat nemenda

Áfangamat nemenda fór fram á vorönn 2017 og var áherslan í þetta skiptið þrjúþætt; hvort verkefnavinna í áföngum væri í samræmi við markmið, hvort að framsetning á Kennsluvefnum styðji við sjálfstæð vinnubrögð og hvernig skipulag var á lokamati í áföngum, (sjá viðauka 1).


Áfangamatið var rafrænt nú á vorönn og er það í fyrsta sinn sem að það var prófað, og mun það því vera aðgengilegt fjarnemendum jafnt staðnemendum, þetta er gert með tilliti til þess að skólinn er með áherslur á fjarnám. Notast var við Google forms og voru nokkur atriði sem sem virkuðu ekki eins og til var ætlast. Nemendur gátu t.d. valið áfanga sem þeir voru ekki skráð í, einnig gátu þeir valið sama áfangann oftár en einu sinni. Áætlað er að kanna hvort að Kennsluvefurinn nýtist betur til áfangamats.

Nemendur voru spurðir um hvort að verkefni væru í samræmi í markmið í áfanganum. Flestir nemendur svöruðu að þeir væru sammála (n=106) um að verkefni væru í samræmi við markmið áfangans. Aðeins sex ósammála þeirri fullyrðingu.




Mynd 4. Verkefni í áföngum í samræmi við markmið

Einnig var spurt: *Framsetning á Kennsluvef styður við sjálfstæð vinnubrögð*. Flestir nemendur voru sammála (n=114) og telja að framsetning á Kennsluvefnum styðji við sjálfstæð vinnubrögð.



Mynd 5. *Framsetning á Kennsluvef styður við sjálfstæð vinnubrögð*

Síðasta spurningin var í tengslum við skipulag lokamats en sú spurning var á þann veg: *Lokamatið er vel skipulagt í áfanganum*. Líkt og í hinum spurningunum þá voru flestir sem svöruðu því að þeir væru sammála (n=91) því að lokamatið væri vel skipulagt í áfanganum.



Mynd 6. *Lokamat er vel skipulagt í áfanganum*

2.4 Nemendafundur

Samkvæmt verk- og framkvæmdaáætlun þá átti að halda nemendafund á vorönn 2017. Ákveðið var að ræða við nemendafélagið um framkvæmd fundarins, lagt var til að fjallað yrði um breytt fyrirkomulag á lokamati áfanga. Ákveðið var að halda fundinn 27. apríl kl. 09:05-10:05.

Markmiðið með fundinum var að fá skoðun nemenda á breyttu fyrirkomulagi á lokamati áfanga og hverjir kostir og gallar eru með þessu nýja fyrirkomulagi samanborið við eldra fyrirkomulag þar sem nemendur fóru í lokapróf. Í lok fundarins skiluðu nemendur rökstuddri afstöðu til nýs lokamatskerfis ásamt lista yfir kosti og galla, sjá viðauka 2.

Nemendur voru kallaðir á Nýrtorg og farið yfir tilgang fundarins og þeim var síðan skipt í hópa og unnu að þessu verkefni. Þeir kynntu svo niðurstöður sínar á sameiginlegum fundi í lokin. Nemendaráð aðstoðaði við framkvæmd á þessum nemendafundi og munu kennarar ásamt skólameistara fara yfir niðurstöður fundarins.

2.5 Rýnihópur nemenda

Nemendaráðið var fengið til þess að fjalla um viðbrögð við ytra mati menntamálaráðuneytisins. Nemendaráðinu var skipt í smærri hópa þar sem fjallað var um hverja tillögu fyrir sig og voru svör nemenda og kennara fléttuð saman í sameiginlegt viðbragð við tillögum menntamálaráðuneytisins til úrbóta sem hægt er að sjá í viðauka 4.

2.6 Umbótamat

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu var mikil áhersla lögð á viðbrögð við breyttu lokamati þar sem skólinn er að færast frá því að vera með hefðbundin lokapróf yfir í það að hafa lokamatssamtal við nemendur þar sem þeir þurfa að sýna munnlega fram á kunnáttu í áföngum. Meðal annars fjallaði nemendafundurinn um þetta ásamt því að spurt var út í þetta í áfangamatinu á vorönn.

2.7 Mat fyrrum nemenda á FAS


Á haustönn 2016 höfðu nemendur í FAS samband við fyrrum nemendur með stúdentspróf frá FAS (n=300). Úrtakið voru nemendur sem útskrifuðust á árunum 1992 til ársins 2016. Nemendur voru spurðir að því hvernig námið í FAS hefði nýst þeim í háskólanámi ásamt öðrum spurningum (sjá viðhengi 3).

Svarhlutfallið í könnuninni var 72% (n=217) þar af voru karlar 59% (n=129) en konur 41% (n=88) á aldrinum 19 til 63 ára sbr. töflu 2. Fimm einstaklingar gáfu ekki upp aldurinn sinn.

Tafla 3. Aldur og kyn þátttakenda.


	Karl	Kona
20 ára og yngri	8	7
21-30 ára	56	56
31-40 ára	20	37
41-50 ára	3	18
51-60 ára	0	6
63 ára og eldri	0	1

Þegar spurt var út í hvort að líkleg búseta yrði í Sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni þá voru 26% (n=56) sem töldu það frekar ólíklegt. Aðeins 6% telja líklegt að þau muni búa í sveitarfélaginu í framtíðinni. En af þeim sem spurðir voru eru 27% (n=58) búsettir í sveitarfélaginu og voru því ekki spurð um líklega búsetu í framtíðinni sbr. mynd 7.




Mynd 7. Líkleg búseta í sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni.

Þegar þátttakendur voru spurðir út í hvort þeir væru í eða hafa verið í háskólanámi svöruðu 78% þeirri spurningu játandi en þeir sem svöruðu neitandi (n=48) voru ekki spurðir frekari spurninga í könnuninni.




Mynd 8. Hlutfall útskrifaðra nemenda frá FAS sem eru eða hafa verið í háskólanámi

Þegar þátttakendur voru beðnir um að lýsa námsstöðu sinni þá höfðu 46% þeirra lokið einhverju grunnnámi eða diplómanámi. Athyglisvert er að 28% hafa ekki farið í háskólanám.




Mynd 9. Þátttakendur voru beðnir um að lýsa námsstöðu sinni.

Flestir af þeim sem hafa farið í háskólanám fóru í hug- eða félagsvísindanám. Það nám sem oftast var tilgreint undir annað var annars vegar kennaranám (n=6) og hins vegar viðskiptafræði (n=5) þess fyrir utan var mikil fjölbreytni á vali nemenda.




Mynd 10. Í hvers konar háskólanám fórstu?

Þegar þátttakendur voru spurðir um hvernig námið við FAS hefði nýst þeim við háskólann þá voru 59% (n=99) sem töldu það hafa nýst sér talsvert á meðan aðeins 2% (n=3) töldu það ekkert hafa nýst sér.




Mynd 11. Hvernig nýtist námið í FAS þér á háskólastigi?

Einnig var kannað hvaða nám í FAS nemendum fannst nýttast þeim best á háskólastigi. Svörin voru mjög fjölbreytt en þegar búið var að flokka svörin niður þá kom í ljós að stærðfræði og náttúruvísindi (eðlisfræði, efnafræði o.s.frv.) voru fög sem nýttust nemendum best á háskólastigi. Flestir kusu samt að svara ekki þessari spurningu.



Mynd 12. Hvaða nám í FAS nýttist þér best í háskólanámi þínu?

Þegar þátttakendur voru spurðir um hvar þeir hefðu þurft betri grunn fyrir sitt háskólanám þá voru flestir sem nefndu stærðfræði (n=46) og þar á eftir voru náttúruvísindi (eðlisfræði, efnafræði o.s.frv.) sbr. mynd 13. Langflestir svöruðu þó ekki þessari spurningu (n=84).



Mynd 13. Hvaða námssvið hefðir þú þurft betri grunn fyrir háskólanámið

2.8 Stefna Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í A-hluta til þriggja ára

2.8.1 Hlutverk og framtíðarsýn

Hlutverk FAS er einkum að bjóða nemendum á starfssvæði skólans nám á framhaldsskólastigi. Lögð er áhersla á að námið nái til allra sviða framhaldsskólanáms, það er að segja almenns náms, undirbúning fyrir háskólanám og starfsnám.

Stefna skólans birtist í kjörorðum hans en þau eru: **Nám er vinna og félagslegt ferli og skólinn þjónar nemendum.** Mikil áhersla er á samvinnu og lifandi tengingu við nærumhverfi, landið í heild og alþjóðasamfélagið. Skapandi nám, sjálfstæði nemenda og einstaklingsbundin þjónusta við nemendur eru áherslupættir í starfsemi skólans. Nýheimar, Vöruhúsið og Fjarmentaskólinn eru mikilvægir þættir í skipulagðri samvinnu FAS.

2.8.2 Kjarnastarfsemi

Kjarninn í starfsemi FAS er nám á framhaldsskólastigi. Umfang náms á stúdentsbrautum er mest en boðið er upp á nám á hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut þar sem sérhæfingin er valin í samráði við nemendur. Á framhaldsskólabraut er áhersla á list- og verknám og einnig gott almennt nám. Nemendur eru undirbúnir fyrir þátttöku í starfi og samfélagi og gert að skila evrópskri ferilskrá fyrir útskrift. Auk þess er opnað fyrir annað starfsnám með þátttöku í Fjarmentaskólanum. Starfsnám í fjallamennsku er í boði við skólann á framhaldsskólabraut og vélstjórn á A-stigi í samvinnu við Tækniskólann.

Auk náms og kennslu á framhaldsskólastigi er skólinn í skipulögðu samstarfi með rekstur Nýheima, Vöruhússins og Fjarmentaskólans. Nýheimar er vettvangur skapandi samvinnu í menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun. Vöruhúsið er vettvangur skapandi greina á Hornafirði í samvinnu FAS, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og frumkvöðla. Fjarmentaskólinn er klasi námstækifæra 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni sem ætlað er að auka námsframboð í starfsnámi, miðla námi og kennslu á milli skólanna og vera vettvangur fyrir faglegt samstarf stjórnenda skólanna.

Unnið hefur verið sérstaklega í að bjóða nám fyrir starfandi fólki í sjárvarútvegi, ferðaþjónustu og verslun í samvinnu við fyrirtækin sjálf og aðila í Nýheimum. Vegna

fækkunar á fjölda fólks á framhaldsskólaaldri hefur einnig verið unnið að því að fjölga fjarnemendum á landsvísu til að styrkja starfsgrundvöll skólans.

Gert er ráð fyrir að 118 ársnemendur stundi nám við skólann á árinu 2016. Markmið skólans tengjast öllum þremur markmiðum málaflokksins. Stefnt er að því að hækka hlutfall útskrifaðra, auka námsframboð í starfsnámi og tryggja breitt námsframboð fyrir íbúa starfsvæðis skólans.

2.8.2.1 Markmið í kjarnastarfsemi

Markmið 1		Tengist markmiði málaflokks				
Treysta starfsgrundvelli skólans		Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og eða atvinnulífs				
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
1. Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu	Jan. 2017	Des. 2019				
2. Miðla nemendum og kennslu í gegnum Fjarmentaskólann	Jan. 2017	Des. 2019				
3. Styrkja list- og verknám í Vöruhúsinu með aukinni samvinnu á milli kennara og með því að festa þá í sessi	Vorönn 2017	Vor 2019				
Viðbrögð:						
<ol style="list-style-type: none"> 1. Markvisst unnið að því að bæta fjarkennslu með myndböndum, fjarfundum og persónulegri þjónustu, stöðugt í þróun. 2. Er gert eftir þörfum hverju sinni í samráði við aðra Fjarmentaskóla. 3. Rætt og skipulagt að koma á lista- og menningarsviði. Stofnaður var hópur kennara og tengdra aðila í samfélaginu til að koma þessu í framkvæmd. Sjá nánar í næstu skýrslu. 						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
1 og 2 Nemendaígildi fjarnema	Skráning í Innu		12	15	17	20
Nemendaígildi í list- og verknámi	Skráning í Innu		7	8	10	12

Markmið 2		Tengist markmiði málaflokks				
Auka framboð starfsnáms		Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi				
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
1. Verknámsaðstaða í Vöruhúsi fyrir matreiðslu og matarsmiðju	Jan. 2017	Des. 2019				
2. Nám í gegnum Fjarmenntaskólann í samvinnu við móðurskóla námssviða	Jan. 2017	Des. 2017				
3. Starfsnám ferðapjónustu, sjávarútvegi og verslun	Jan. 2017	Des. 2019				
Viðbrögð:						
<ol style="list-style-type: none"> 1. Beðið er eftir svari frá menntamálaráðuneytinu um uppbyggingu aðstöðu. 2. Samningur var gerður við Fjölbautaskólann við Ármúla um fjarnám í heilbrigðisgreinum. 3. Sóttur var um Erasmus styrkur til þess að þróa nám í affreyngarferðapjónustu í samvinnu við aðila í Finnlandi og Skotlandi. Fjallamenskunámið var endurskipulagt og markaðssett sérstaklega. Samkomulag var gert við Hótel Höfn um starfsnám á vinnustað á sviði matreiðslu og framreiðslu. Haldið var áfram með nám í fiskvinnslu í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtækið Skinney-Þinganes. 						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Nemendaígildi starfsnámsnema	Gögn í Innu		11	13	15	17

Markmið 3		Tengist markmiði málaflokks				
Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi		Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.				
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
1. Aukið samstarf við foreldra nemenda á framhaldsskólabraut	Jan. 2017	Des. 2017	óverulegur			
2. Bæta umsjónarkerfi á stúdentsbrautum og auka þar ábyrgð nemenda	Jan. 2017	Des. 2017	óverulegur			
3. Bæta verkefnaskil nemenda	Jan. 2017	Des. 2019	óverulegur	óverulegur	óverulegur	
Viðbrögð:						
1-2. Fundur var með hverjum og einum nýnemenda og foreldra hans í júní. Farið var í að breyta umsjónarkerfinu sem kemur til framkvæmda á haustönn 2017. Einnig var aukið samstarf við foreldra nemenda yngri en 18 ára.						
3. Aflað var upplýsinga um verkefnaskil til þess að skapa grundvöll fyrir endurbætur.						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Framhaldsskóla braut	Hlutfall útskrifaðra eftir 4 annir í námi		Áætlun fyrir vor 2017	17%	30%	50%
Stúdentsbrautir	Hlutfall útskrifaðra eftir 6 annir í námi		Áætlun fyrir vor 2017	25%	40%	60%
Verkefnaskil allra nemenda	Gögn frá kennurum í hverjum áfanga		86,5%	90%	93%	95%

2.8.3 Rekstrarþættir

Við skólann eru rúmlega 20 starfsmenn í rétt innan við 20 starfsígildum. Af 20 starfsmönnum eru tveir sem ekki eru í kennslutengdum störfum en það eru skrifstofustjóri og matráður. Auk kennslu þá sinna kennarar ýmiss konar kennslutengdri verkefnavinnu svo sem áfangastjórn, umsjón með erlendum samstarfsverkefnum og sjálfsmati. Námsráðgjafi er í hlutastarfi við skólann og einnig kerfisstjóri. Einn starfsmaður sinnir félagslífi nemenda og yfirsetu á lesstofu. Kennarar í hlutastarfi eru um 5-7 og þar af er um helmingur þeirra þeir sömu ár eftir ár en aðrir kenna í önn eða tvær. Á undanförunum árum hafa verið ráðnir yngri kennarar sem hafa styrkt kjarna fastráðinna kennara en illa hefur gengið að ráða náttúrufræðikenna. Auk kennara er starfandi við skólann í stoðþjónustu, matráður, skrifstofustjóri, námsráðgjafi og umsjónarmaður félagslífs og lesstofu. Illa hefur gengið að koma á föstu skipulagi við veitingasölu Nýheima og einnig að ráða réttindamann í námsráðgjöf. Athugasemdir hafa komið fram varðandi það að reikningshald og bókhald skuli vera í höndum sama starfsmanns.

Þjónusta skólans er fyrst og fremst tengd námi og kennslu. Áfangastjóri sér um skráningu í áfanga og skráningar varðandi nám. Vefstjóri og kerfisstjóri sjá um vef skólans og skrifstofustjóri um bókhald og reikningshald. Skólameistari sér um mannauðsmál og fjármálalegar ákvarðanir. Sjálfmatskerfinu er lýst í skólanámskrá og einnig í sjálfsmatsskýrslu. Eitt af grunnstefnum sjálfsmatskerfis skólans er umbótamat sem byggir á því að á hverju árið er valið viðfangsefni sem unnið er með, staðan metin, gripið til aðgerða og árangur þeirra metinn.

2.8.3.1 Markmið í rekstrarþáttum

Markmið 1		Styrkja stoðþjónustu				
Aðgerðir	Upp-haf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
Skoða samþættingarmöguleika við sambærilega starfsemi í Nýheimum	Jan. 2017	Des. 2017	óverulegur	óverulegur	óverulegur	
Fastráða í fullt starf eða úthýsa til Nýheima	Jan. 2018	Des. 2018	óverulegur	óverulegur	óverulegur	
Viðbrögð:						
- Var rætt við aðrar stofnanir innan Nýheima, engar ákvarðanir voru þó teknar.						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hlutfall fastráðinna starfsmanna í fullu starfi	Ráðningar-samningar		25%	50%	75%	100%

Markmið 2		Styrkja faglega hæfni starfsmanna				
Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
Sameiginlegt starfsmannanámskeið á hverju starfsári	Mái 2017	Ágúst 2019	500.000,- kr	500.000,- kr	500.000,- kr	
Auka endurmenntun starfsmanna			óverulegur	óverulegur	óverulegur	
Viðbrögð:						
<ul style="list-style-type: none"> - Farið var í heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga haustið 2016. Áætlað er að halda sameiginlegt námskeið eða fara í skólaheimsóknir á hverju skólaári og þannig efla sameiginlega endurmenntun starfsmanna FAS. 						
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2018
Hlutfall starfsmanna á sameiginlegu námskeiði	Skráð þátttaka		33%	60%	80%	90%
Fjöldi sem fer á eitt eða fleiri námskeið á ári	Upplýsingar frá starfsmönnum		Staða könnuð og markmið sett í kjölfarið			

3. Ytra mat

Menntamálastofnun lauk við ytra mat skólans á vorönn 2017, hægt er að nálgast skýrsluna með því að smella [hér](#). Menntamálaráðuneytið kallaði eftir viðbrögðum FAS við skýrslunni og óskaði eftir tímasettri áætlun hvernig yrði brugðist við tillögum í henni. Tekin var saman tímasett áætlun og skilað til ráðuneytisins, sjá viðauka 4. Hér að neðan verður farið yfir þau atriði sem framkvæmd voru skólaárið 2016-2017.

3.1 Stjórnun og skipulag

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Vinna þarf skipulega að því að endurheimta traust nemenda til skólameistara um það sem snýr að félagslífi nemenda.	Ekki ljóst hvað hér er átt við en það sem helst hefur komið út úr samtölum við nemendur er að þeir eru ósáttir við að fá ekki að vera einir og eftirlitslausir í húsnæði skólans. Nemendum verður gert ljóst hver sé ástæðan fyrir þessu og bent á leiðir til að koma á framfæri óánægju sinni um ákvarðanir skólameistara.	Skólameistari	Mars 2017

Aðgerðir:

- Rætt var við forsvarsmenn nemendafélagsins á skólaráðsfundi og óformlega.

3.2 Kennsla og námsframboð

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Vinna þarf ötullega gegn brotthvarfi úr einstaka áföngum og /eða alveg úr skóla. Í því sambandi þarf að taka tillit til gamalgróinnar vinnumenningar og háa atvinnustigs á svæðinu sem gerir það að verkum að vinna með námi er mikil og leiðir að einhverju marki til brotthvarfs nemenda.	Unnið að bættri skráningu, betra fjarnámi og skýrara utanumhaldi með mætingu og ástundun. Auka samstarf við foreldra.	Skólameistari	2016-2019

Aðgerðir:

- Tekinn er saman listi í byrjun og lok hvers annar. Með listanum í byrjun annar er verið að kanna hvort að nemendur séu virkir og teknir eru af listanum óvirkir nemendur.
- Unnið var markvisst að því að bæta námsumhverfi fjarnemenda, og á faggreinafundum var áhersla lögð á bæta fjarkennslu, sjá [fas.is](#).
- Sérstakur umsjónarkennari sér um fjarnemendur.
- Í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands kemur hjúkrunarfræðingur einu sinni í viku í skólann og ræðir við nemendur og foreldra um mætingar og ástundun.
- Fundur var með hverjum og einum nýnemanda og foreldrum hans í júní.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Bæta þarf netsamband í húsnæði skólans.	Hefur þegar verið bætt en vandamálið er að það eru mörg þráðlaus net í húsinu.	Kerfisstjóri	Stöðugt í gangi

Aðgerðir:

- Sett var upp nýtt þráðlaust net í sumar. Sem hefur bætt verulega netsamband í skólanum.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Íhuga þarf hvernig hægt sé að draga úr áhrifum landfræðilegrar staðsetningar á sókn kennara í reglubundna endurmenntun.	Óska eftir að námskeiðshaldarar skipuleggi námskeið með þarfir kennara á landsbyggðinni í huga. Stefnt að því að fara einu sinni á ári í sameiginlega námsferð kennara.	Skólameistari	Þegar færi gefst

Aðgerðir:

- Farið var í heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga haustið 2016.
- Áætlað er að halda sameiginlegt námskeið eða fara í skólaheimsóknir á hverju skólaári og þannig efla sameiginlega endurmenntun starfsmanna FAS.

3.3 Samskipti og líðan

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Bæta þarf almenna félagsaðstöðu fyrir nemendur utan skóla.	Hafa fengið inni í félagsaðstöðu sveitarfélagsins.	Verkefnisstjóri félagslífs	Febrúar 2017

Aðgerðir:

- Nemendur hafa fengið aðgang að sameiginlegri félagsaðstöðu sveitarfélagsins í Vöruhúsinu.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Draga þarf úr fjarvistum úr kennslu og íhuga hvort ekki sé rétt að standa fastar á mætingarreglum.	Er í vinnslu og endurskipulagningu.	Skólameistari	Vorönn 2017

Aðgerðir:

- Farið var í að breyta umsjónarkerfinu sem kemur til framkvæmda á haustönn 2017.
- Aukið samstarf við foreldra nemenda yngri en 18 ára.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
----------------	-----------------	----------------------	----------------

Efla þarf starfsemi foreldrafélagsins og auka aðild þess að innri málefnum skólans.	Haldinn var fundur með foreldrum í febrúar og annar er fyrirhugaður í september. Útbúin var rafræn foreldrahandbók á vef skólans. Stuðla að auknum samskiptum á milli foreldra, til að mynda með Facebook-síðu. Reglulegir foreldrafundir í framtíðinni sem settir verða á dagatal skólans.	Skólameistari	2017
---	---	---------------	------

Aðgerðir:

- Haldið var áfram að ræða og skipuleggja breytt og betra samstarf við foreldra sem kemur til framkvæmdar á haustönn 2017.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Afla þarf upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi.	Óskað eftir að Menntamálastofnun kanni þetta fyrir framhaldsskólanna í heild. Athuga með rýnihópa útskrifaðra nemenda. Regluleg spurningakönnun til nemenda sem útskrifast með stúdentspróf.	Menntamála-ráðherra	

Aðgerðir:

- Verður rætt á skólafundi í ráðuneytinu 13. október 2017.
- Gerð var könnun haustönn 2016 hjá brautskráðum nemendum. Þeir voru spurðir um hvernig námið í FAS hafi nýst þeim í háskólanámi.

3.4 Lykilárangur

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Ýmis sóknarfæri eru til staðar fyrir skólann til þess að flétta grunnþætti menntunar með skýrari hætti inn í daglegt starf.	Er viðvarandi verkefni í skólanum, svo sem með tengingu á vettvangsferðum og sjálfbærni, svo og tengingu félagslífs við lýðræði, jafnrétti. Sjá nánar í skólanámskrá.	Skólameistari	Viðvarandi

Aðgerðir:

- Félagslíf er fléttað inn í skólastarfið
- Reglulega er farið í vettvangsferðir þar sem náttúran er skoðuð m.a. hopun jökla. Í félagsgreinum er lögð áhersla á að skoða nærsamfélagið
- Unnin eru verkefni sem nýtist nærsamfélaginu
- Erlend verkefni, sem eru fjölmörg, eru einnig notuð í að efla grunnþætti menntunar

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
----------------	-----------------	----------------------	----------------

Kanna þarf með skilvirkum hætti hvernig unnt sé að búa brautskráða nemendur frá FAS sem best undir nám á öðru/næsta skólastigi.	Lögð rík áhersla á miklar kröfur í þriðja þrepsnámi. Sjá sjálfsmatsskýrslu 2014-2015. Metnar niðurstöður landskönnunar Menntamálastofnunar	Skólameistari Menntamálastofnun	Óvíst
---	--	---------------------------------	-------

Aðgerðir:

- Stöðugt er í gangi vinna við að meta nám með það í huga að það nýtist nemendum sem best í áframhaldandi námi. Einkum er þá horft til náms á 3. þrepi
- Einnig með könnun á gengi fyrrum nemenda sbr. tillögu brautskráðra nemenda hér að ofan.

Viðaukar

Viðauki 1

Áfangamat nemenda vorönn 2017

Matið er lagt fyrir dagana 2-5 maí. Nemendur byrja á því að velja áfanga, ef nemandi er í fleiri en 1 áfanga þá þarf að svara þessari könnun aftur á netinu með því að fara aftur inn á vefslóðina.

Vinsamlegast veldu áfanga.

Velja



Mér fundust verkefni í áfanganum í samræmi við markmið

1= sammála 2=frekar sammála 3=frekar ósammála 4= ósammála 5= vil ekki svara

	1	2	3	4	5	
Sammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Vil ekki svara

Framsetning á Kennsluvef styður við sjálfstæð vinnubrögð

1= sammála 2=frekar sammála 3=frekar ósammála 4= ósammála 5= vil ekki svara

	1	2	3	4	5	
Sammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Vil ekki svara

Lokamatið er vel skipulagt í áfanganum

1= sammála 2=frekar sammála 3=frekar ósammála 4= ósammála 5= vil ekki svara

	1	2	3	4	5	
Sammála	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	Vil ekki svara

Viðauki 2

Nemendafundur 2017- samantekt

Á þessum nemendafundi verður rætt breytt fyrirkomulag varðandi lokamat í FAS.

Nemendur ræða kosti og galla nýs kerfis og leggja fram rökstudda afstöðu á nýju kerfi.

Kostir nýs lokamatskerfis	Gallar nýs lokamatskerfis
<p>Minna stress tengt prófum- þó svo að eitthvað stress sé alltaf til staðar</p> <p>Nemendur telja að vinna verði jafnari yfir önnina og ekki hægt að redda sér með því að ná 1 prófi.</p> <p>Auðveldara fyrir nemendur að sjá hvort að þeir falli eða nái áfanganum.</p> <p>Telja að vinnan yfir önnina sé mikilvægari</p>	<p>Of mikið lagt á þessar 10 mínútur sem lokamat er.</p> <p>Nemendur telja að lokaviðtalið sé huglægt mat.</p> <p>Og að ekki allir áfangar passi inn í þetta nýja kerfi.</p> <p>Ósamræmi á því hvernig lokamatið á að vera milli kennara.</p> <p>Þeir telja að lokapróf undirbúi þeir betur undir háskólann</p>
<p>Rökstudd afstaða til nýs lokamatskerfis í FAS:</p> <p>Nemendur telja að nýja kerfið henti almennt betur en kennarar þurfa að samræma sig betur hvað varðar framkvæmd á lokamatinu.</p> <p>Í einum af hópunum skapaðist umræða um síamatskerfi, ef að nemandi stendur sig vel þá mun hann ekki þurfa að taka lokapróf eða fara í lokamatsviðtal.</p>	

Viðauki 3

Spurningalisti fyrir viðhorfskönnun fyrri nemenda.

Nafn:

Heimilisfang:

Póstnúmer:

Símanúmer:

Athugasemdir: _____

✂-----✂

Númer:

Útskriftarönn:

Kyn:

Braut:

Aldur:

1a. Hvað ertu gamall/gömul? _____ *(ef aldur er ekki tilgreindur)*

1. Í hvaða pósthúmi býrðu í dag? _____

Ef þátttakendur vita ekki pósthúmið, spyrja þá um staðinn?

2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú búir í Sveitarfélaginu Hornafirði í framtíðinni?

Þeir sem eru með pósthúmin 780, 781 eða 785 svara ekki þessari spurningu

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Hef ekki gert upp hug minn
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

3. Ertu eða hefurðu verið í háskólanámi?

Þeir sem svara þessari spurningu neitandi svara ekki fleiri spurningum

- Já
- Nei

4. Hvað af eftirtöldum möguleikum lýsir best námsstöðu þinni í dag?

- Ég er ekki í háskólanámi sem stendur
- Grunnnámi mínu í háskóla er ólokið
- Ég hef lokið grunnnámi eða diplómanámi
- Ég hef lokið meistaraþátt eða doktorsþátt

5. Í hvers konar háskólanám nám fórstu?

- Raun- eða náttúruvísindanám
- Hug- eða félagsvísindanám
- Annað: _____

6. Hvernig hefur nám í FAS nýst þér í háskólanáminu þínu?

- Það hefur nýst mér mikið
- Það hefur nýst mér talsvert
- Það hefur nýst mér lítið
- Það hefur ekkert nýst mér
- Ég veit það ekki

7. Hvaða nám í FAS nýttist þér best í háskólanámi þínu?

8. Á hvaða námssviði hefðir þú þurft betri grunn fyrir þitt háskólanám?

Viðauki 4

Stjórnun og skipulag	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Formlegt samráð á vettvangi skólanefndar þarf að gera reglubundnara, nauðsynlegt er að koma á virku skólaráði og koma samstarfi við foreldraráð á fastan grundvöll.	Reglulegir fundir skólanefndar, skólaráðs, foreldraráðs og samráðsfundir við foreldra verða settir á dagatal skólans sem er birt á fas.is.	Skólameistari	Skólaárið 2017-2018
Skipurit skólans nær ekki til allra skilgreindra stjórnunareininga og staða verkefnisstjóra er óljós innan þess.	Innan skólans eru menn ekki sammála þessari staðhæfingu.		
Íhuga þarf vandlega hvort ekki sé rétt að formgera yfirstjórn skólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.	Hefur verið rætt og ákveðið að formgera ekki yfirstjórn skólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.		
Vinna þarf skipulega að því að endurheimta traust nemenda til skólameistara um það sem snýr að félagslífi nemenda.	Ekki ljóst hvað hér er átt við en það sem helst hefur komið út úr samtölum við nemendur er að þeir eru ósáttir við að fá ekki að vera einir og eftirlitslausir í húsnæði skólans. Nemendum verður gert ljóst hver sé ástæðan fyrir þessu og bent á leiðir til að koma á framfæri óánægju sinni um ákvarðanir skólameistara.	Skólameistari	Mars 2017
Setja þarf umbótaáætlanir fram með skýrari hætti í sjálfsmatsskýrslu.	Unnið verður markvisst að því að gera framsetningu skýrari.	Verkefnisstjóri sjálfmats	September 2017

Kennsla og námsframboð

Viðbrögð

Ábyrgðaraðili

Tímabil

Leita þarf leiða til að fjölga nemendum á nýjan leik.	Unnið að fjölgun fjarnemenda og nemenda í starfsnámi, samanber stefna skólans í fjárhagsáætlun til þriggja ára. Einnig verður unnið að auknu samráði við grunnskóla á svæðinu.	Skólameistari	2017-2019
Vinna þarf ötullega gegn brotthvarfi úr einstaka áföngum og /eða alveg úr skóla. Í því sambandi þarf að taka tillit til gamalgróinnar vinnumenningar og hás atvinnustigs á svæðinu sem gerir það að verkum að vinna með námi er mikil og leiðir að einhverju marki til brotthvarfs nemenda.	Unnið að bættri skráningu, betra fjarnámi og skýrara utanumhaldi með mætingu og ástundun. Auka samstarf við foreldra.	Skólameistari	2016-2019
Leita þarf leiða til að hækka hlutfall námsráðgjafa.	Stefnt að því að hækka það í 50% en erfiðlega hefur gengið að fá menntaðan námsráðgjafa til starfa.	Skólameistari	Haustönn 2017
Íhuga þarf hvernig hægt sé að draga úr áhrifum landfræðilegar staðsetningar á sókn kennara í reglubundna endurmenntun.	Óska eftir að námskeiðshaldarar skipuleggi námskeið með þarfir kennara á landsbyggðinni í huga. Stefnt að því að fara einu sinni á ári í sameiginlega námsferð kennara.	Skólameistari	Þegar færi gefst
Bæta þarf netsamband í húsnæði skólans.	Hefur þegar verið bætt en vandamálið er að það eru mörg þráðlaus net í húsinu.	Kerfisstjóri	Stöðugt í gangi

Samskipti og líðan

Viðbrögð

Ábyrgðaraðili

Tímabil

Huga þarf að umbótum í félagslegu umhverfi innan og utan FAS sem er mörgum ungmennum, einkum stúlkum, erfitt.	Efla umsjón, skólahjúkrun og námsráðgjöf. Fræða kennara og nemendur um geðrækt. Þjóða upp á námskeið í hugrænni atferlismeðferð og skimunarpróf.	Skólameistari	Viðvarandi verkefni
Leita þarf leiða til þess að auka félagslega aðstoð og geðheilbrigðisþjónustu.	Sjá svar fyrir ofan.		
Vinna þarf að aukinni þátttöku nemenda í félagslífi innan skóla.	Efla og virkja forystumenn nemendafélagsins. Farin ferð í upphafi skólaárs til að ná nemendum betur saman.	Skólameistari Verkefnisstjóri félagslífs	2017-2019
Bæta þarf almenna félagsaðstöðu fyrir nemendur utan skóla.	Hafa fengið inni í félagsaðstöðu sveitarfélagsins.	Verkefnisstjóri félagslífs	febrúar 2017
Draga þarf úr fjarvistum úr kennslu og íhuga hvort ekki sé rétt að standa fastar á mætingarreglum.	Er í vinnslu og endurskipulagningu.	Skólameistari	Vorönn 2017
Efla þarf starfsemi foreldrafélagsins og auka aðild þess að innri málefnum skólans.	Haldinn var fundur með foreldrum í febrúar og annar er fyrirhugaður í september. Útbúin var rafræn foreldrahandbók á vef skólans. Stuðla að auknum samskiptum á milli foreldra, til að mynda með Facebook-síðu. Reglulegir foreldrafundir í framtíðinni sem settir verða á dagatal skólans.	Skólameistari	2017
Afla þarf upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi.	Óskað eftir að Menntamálastofnun kanni þetta fyrir framhaldsskólanna í heild. Athuga með rýnihópa útskrifaðra nemenda. Regluleg spurningakönnun til nemenda sem útskrifast með stúdentspróf.	Menntamála- ráðherra	

Skólahúsnæði og aðbúnaður

Viðbrögð

Ábyrgðaraðili

Tímabil

Það kæmi skólanum vel að hafa eigið íþróttahús til umráða.	Er ekki vandamál og notkun það lítil að rekstur slíks húss yrði skólanum ofviða án útleigu.		
--	---	--	--

Lykilárangur

Viðbrögð

Ábyrgðaraðili

Tímabil

Vinna þarf að því að auka brautskráningarlutfall nemenda.	Er þegar inni í áætlun skólans sem tengd er fjárhagsáætlun til þriggja ára	Skólameistari	2017-2019
Ýmis sóknarfæri eru til staðar fyrir skólann til þess að flétta grunnþætti menntunar með skýrari hætti inn í daglegt starf.	Er viðvarandi verkefni í skólanum, svo sem með tengingu á vettvangsferðum og sjálfbærni, svo og tengingu félagslífs við lýðræði, jafnrétti. Sjá nánar í skólanámskrá.	Skólameistari	Viðvarandi
Kanna þarf með skilvirkum hætti hvernig unnt sé að búa brautskráða nemendur frá FAS sem best undir nám á öðru/næsta skólastigi.	Lögð rík áhersla á miklar kröfur í þriðja þrepsnámi. Sjá sjálfsmatskýrslu 2014-2015. Metnar niðurstöður landskönnunar Menntamálastofnunar	Skólameistari Menntamála- stofnun	Óvíst